

Tillaga velferðarráðs um óháða úttekt til að efla eftirlit með vistun barna utan heimilis

Velferðarráð samþykkir að fela óháðum aðila að framkvæma úttekt á vistun barna utan heimilis í umsjá Barnaverndar Reykjavíkur. Við vinnuna skal úttektaraðili eiga samtal við hagaðila svo sem Barnavernd Reykjavíkur, Barna- og fjölskyldustofu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Félag fósturforeldra. Úttektin skal fela í sér tillögur að úrbótum á eftirliti, regluverki, vinnu- og verklagi og umgjörð þjónustunnar. Markmið úttektarinnar er að leita allra leiða til að tryggja öryggi og velferð barna sem eru vistuð utan heimilis, byggja upp traust á viðkvæmri þjónustu við börn í Reykjavík og styrkja faglegan stuðning við starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur. Jafnframt er sama aðila falið að framkvæma viðhorfskönnun meðal skjólstæðinga Barnaverndar Reykjavíkur um upplifun þeirra af vistun og þjónustu. Niðurstöður úttektarinnar skulu lagaðar fyrir velferðarráð fyrir lok apríl 2026.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er að leita allra leiða til að tryggja öryggi og velferð barna sem eru vistuð utan heimilis, byggja upp traust á viðkvæmri þjónustu við börn og styrkja faglegan stuðning við starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur. Velferðarráð felur sviðsstjóra velferðarsviðs að kalla til óháðan aðila til að framkvæma úttekt á vistun barna utan heimilis í umsjá Barnaverndar Reykjavíkur. Í vinnunni verði gerð hagaðilagreining. Í dag sinnir Barnavernd Reykjavíkur sjálf eftirliti með fósturforeldrum sem vista börn í umsjá Barnaverndar Reykjavíkur í samræmi við barnaverndarlög. Mikilvægt er því að skoða hvort þörf sé á breytingum á lagaumhverfi, meðal annars hvað varðar aðskilnað þjónustu og eftirlits, í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Sviðsstjóri skal upplýsa um framgang í velferðaráði. Kynna skal niðurstöður úttektar þegar henni er lokið, í síðasta lagi í lok apríl 2026.